

Starfsreglur Vinnudeilusjóðs VR vegna samþykks verkfalls VR í hópþreifðafyrirtækjum á félagssvæði VR og í gistipjónustu á höfuðborgarsvæðinu í mars og apríl 2019

### **1. gr. Umboð framkvæmdastjórnar Vinnudeilusjóðs VR**

1.1 Stjórn VR er heimilt að fela þremur mönnum framkvæmdastjórn sem fer með daglega afgreiðslu sjóðsins, skv. 4. gr. reglugerðar um Vinnudeilusjóð VR

1.2 Framkvæmdastjórn sjóðsins setur nánari starfsreglur um greiðslur og aðra starfstilhögun sjóðsins, þ.á.m. hvenær í vinnudeilu skuli hefja úthlutun úr sjóðnum, upphæð styrkja og greiðslutímabil. Starfsreglur sjóðsins skulu taka mið af stærð og eðli viðkomandi vinnudeilu og einnig skal taka mið af stöðu sjóðsins hverju sinni.

1.3 Framkvæmdastjórn sjóðsins skal leggja tillögur að starfsreglum sjóðsins fyrir stjórn VR. Stjórn VR þarf að samþykkja starfsreglurnar til þess að þær öðlist gildi.

### **2. gr. Verkfallsstyrkur**

2.1 Vinnudeilusjóður VR greiðir verkfallsstyrk ef félagsmaður verður fyrir launaskerðingu í verkfalli VR og er skuldlaus við félagið skv. 5 gr. reglugerðar sjóðsins. Félagsmenn sem halda launum í vinnudeilu eiga ekki rétt á verkfallsstyrk, sem og þeir sem hefja störf annars staðar í samræmi við 5. gr. í reglugerðar um sjóðinn.

2.2 Greitt er ein fjárhæð pr. verkfallsdag á hvern einstakling.

2.3 Greiðsla miðast við meðaltal launa félagsmanns, miðað við greiðslur til félagssjóðs VR, síðustu 6 mánuði frá síðustu mánaðarskilum til VR.

Meðaltal launa þeirra sem greitt hafa skemur til félagsins reiknast miðað við greiðslufjölda mánaða til VR á síðustu 6 mánuðum.

Ef verulegar breytingar hafa orðið á launum viðkomandi síðustu 6 mánuði, er framkvæmdastjórn Vinnudeilusjóðs heimilt að meta tekjurnar sérstaklega og þá yfir lengra tímabil.

2.4 Til að finna launatap hvers félagsmanns á dag skal deila með 21,67, sem eru meðalfjöldi virkra vinnudaga í mánuði, upp í meðal mánaðarlaun eins og þau eru fundin út skv. gr. 2.3.

### **3. gr. Útgreiðsla og tímabil**

3.1 Greiðslur úr sjóðnum fara fram þrisvar, 15. apríl og 15. maí fyrir þá sem sótt hafa um styrk fyrir 5. dag viðkomandi mánaðar og lokauppgjör ef þörf er á þann 15 júní

3.2 Félagsmáður sem óskar eftir styrk úr Vinnudeilusjóði skal óska eftir því á mínum síðum á heimasíðu VR og skrá eftirfarandi upplýsingar:

3.21 Skráðan bankareikning á kennitölu félagsmanns til inngreiðslu.

3.22 Netfang

3.23 Skráning daga í verkfalli

3.24 Skatthlutfall staðgreiðslu

3.25 Yfirlýsing um sannar og réttar upplýsingar

3.3 Greidd skal staðgreiðsla í samræmi við lög um staðgreiðslu en ekki koma til aðrar greiðslur vegna launatengdra gjalda.

3.4 Framkvæmdastjórn sjóðsins skal samþykkja á fundi allar greiðslur til félagsmanna frá sjóðnum áður en til greiðslu kemur.

#### **4. gr. Ágreiningur um fjárhæð verkfallsstyrks**

4.1 Sé félagsmaður ósáttur með fjárhæð verkfallsstyrks getur hann gert skriflega athugasemd við framkvæmdastjórn og skal fylgja athugasemd rökstuðningur fyrir breytingu úthlutunar og leggja fram gögn til staðfestingar á rökstuðningi sínum ef við á.

4.2 Framkvæmdastjórn sjóðsins tekur fyrir athugasemdir félagsmanns og afgreiðir á fundi.

#### **5. gr. Annað**

5.1 Félagismaður sem fær styrk úr Vinnudeilusjóði skal gefa sannar og réttar upplýsingar um verkfallsdaga og annað það sem sjóðurinn óskar eftir. Verði félagismaður staðinn að því að gefa rangar upplýsingar getur Framkvæmdastjórn Vinnudeilusjóðs felld niður verkfallsstyrk til viðkomandi félagsmanns og krafist um endurgreiðslu hafi greiðsla þegar verið innt af hendi.

5.2 Áður en félagismaður er sviptur verkfallsstyrk skal gefa honum rétt til andmæla.

5.3 Tilkynna skal félagsmanni með sannanlegum hætti ef hann er sviptur verkfallsstyrk.

5.4 Reglur þessar gilda einvörðungu í núverandi verkfalli VR hjá hópbifreiðafyrirtækjum og í gistipjónustu í mars og apríl 2019.

5.5 Frestur til að sækja um verkfallsstyrk er 30 dagar frá því útborgun launa hefði átt að eiga sér stað og sama gildir um athugasemdir til framkvæmdastjórnar Vinnudeilusjóðs vegna fjárhæðar verkfallstyrks skv. 4. gr.

Samþykkt á fundi í framkvæmdastjórn þann 22. mars 2019